

FYLGISKJAL NR. 1017

DAGS 24.09.2002

**SAMANTEKT:**

66. fundur skipulags- og byggingarnefndar (Haraldur Sverrisson, Erlendur Fjelsted, Pétur U. Fenger, Sigurður, Ólafur Gunnarsson – Ásbjörn Þorvarðarson byggingafulltrúi og Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur sátu fundinn, fundargerð ritaði Tryggvi Jónsson)

7. mál á dagskrá var málefni Hamrafells, Hjallabrekku og Hulduhóla. Erindið frá Finni Ingimarssyni, Ólafi Sigurðssyni, Svölu Ágústsdóttur og Steinunni Marteinsdóttur, dags. 17.08.2002 (sjá með fylgiskjali 1016) var rætt þar sem þau óska eftir viðræðum við gerð deiliskipulags á svæðinu.

Haraldur Sverrisson er sagður hafa vikið af fundi undir þessum dagskrárlið.

Nefdin leggur til við bæjarstjórn að við gerð fjárhagsáætlunar fyrir 2003 verði ætluð fjárveiting til að bærinn geti látið vinna deiliskipulag af svæðinu milli Langatanga og Skálatún, enda er landið í eigu Mosfellsbæjar. Á skipulagssvæðinu, frá Langatanga að Skálatúni er gert ráð fyrir 30 nýjum íbúðum samkvæmt tillögu að aðalskipulagi Mosfellsbæjar fyrir 2002-2024.

Þarna var þetta svæði skipulagt skv. þágildandi aðalskipulagi, sem var í gildi þegar þessi fundur var haldin, sem útvistarsvæði fyrir Mosfellinga. Annar ventipunktur í málinu, málið kemst á skrið og lagt til að veitt verði fjárveiting til að hefja deiliskipulagsvinnu.

